

21 er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það 22. jan. jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

33. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónur, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Seyðisfjarðar.

34. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

35. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og er þá um leið úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarkaupstað frá 17. maí 1916, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að fara í bág við reglugerð þessa.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1941, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. janúar 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

22

25. jan.

## AUGLÝSING

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. okt. 1940, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða hafnarstaði, til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

Á tímabilinu 25. janúar til 25. apríl þ. á., að báðum dögum meðtöldum, geta fær-eyisk skip, sem flytja frystan eða ísvarinn fisk til Bretlands, fengið fyrstu og síðustu afgreiðslu á Hornafirði.

Skipin mega enga farþega flytja.

*Fjármálaráðuneytið, 25. janúar 1941.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*